

Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2020
UST202002-382/G.R.G.
07.04.07

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 5. mars 2020 þar sem markaðssetning vörunnar *Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid* var stöðvuð tímabundið í samræmi við heimild Umhverfisstofnunar skv. 57. gr. efnalaga nr. 60/2013 vegna gruns um að varan uppfyllti ekki kröfur reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem sett er með stoð í efnalögum og innleiðir í íslenskan rétt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um sama efni.

Í framangreindu bréfi var fyrirtækinu veittur frestur til 18. mars 2020 til að sýna fram á að varan hefði verið sett á markað fyrir gildistöku banns frá 9. maí 2019 um setningu rúðuhreinsi- og afísingarvökva sem innihalda 0,6% metanól eða meira á markað fyrir almenning. Fyrirtækið tilkynnti Umhverfisstofnun með tölvupósti að vörunnar hafi verið fluttar inn á EES-svæðið eftir gildistöku framangreinds banns og því er bannað að bjóða vörunnar fram á markaði fyrir almenning. Umhverfisstofnun gerir þó ekki athugasemdir við að rúðuvökvanum sé bætt á þar til gerð kerfi í bifreiðum af þjónustuaðilum enda sé með því komið í veg fyrir þá áhættu fyrir heilbrigði sem skapast af sölu til almennings og reglugerðin vísar til.

Í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu er að finna ítarlegri umfjöllun um eftirlitið og niðurstöður þess en þar er jafnframt fjallað um önnur frávík sem komu fram við eftirlitið og varða annars vegar það að vörunnar voru aðgengilegar viðskiptavinum en ekki afhentar sérstaklega í samræmi við 5. mgr. 24. gr. efnalaga og hins vegar merkingar vörunnar. Umhverfisstofnun áréttar að áður en heimilt er að hefja þjónustu með vörunum skal fyrirtækið uppfæra merkingar í samræmi við athugasemdir sem gerðar eru í eftirlitsskýrslunni.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 5. mars 2020 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með framangreindri vöru og því aðeins gerðar athugasemdir við hana. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Stál og stansar ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.



Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur